

Fjárhagsnefnd

Þingskjal nr. 25

Fjárhagsnefnd leggur til að þingið felli þessa tillögu. Þarna er í raun um tekjustofn að ræða sem LH byggir að hluta til sína starfsemi á.

Fjárhagsnefnd leggur til við þingið sem breytingartillögu við fjárhagsáætlun; að samþykktur verði aukaskattur á félögin upp á 300 kr á hvern greiðandi félagsmann, fyrir árin 2017 og 2018 vegna markaðsátaksins Horses of Iceland.

Ríkið er að setja sömu upphæð á móti eða krónu á móti krónu. Þetta verður ca 2,2 milljón kr hækkun á tekjuhlið LH og er nú þegar gert ráð fyrir gjöldum í fjárhagsáætlun, upp á 3 milljónir fyrir hvort ár.

Fjárhagsáætlun er samþykkt með þeirri breytingu að tekjuskattstofn hækkar um 2,2 milljónir árin 2017 og 2018 og kostnaður vegna hestadaga verði hækkaður um 450.000 bæði árin. Fjárhagsáætlanir eru þá lagðar fram þannig að afkoma ársins 2017 verði 16.103.000 í hagnað og 2018 9.663.000 í hagnað. Fjárhagsnefnd leggur til við þingið að fjárhagsáætlanir áranna 2017 og 2018 verði samþykktar þannig breyttar.

Ársreikningar 2014 og 2015 eru samþykktir af fjárhagsnefnd og leggur nefndin til að þingið samþykki ársreikningana.

Nefndin beinir því til stjórnar að ársreikningar liggi fyrir á sama tíma og tillögur fyrir landsþing eru kynntar félögunum, í síðast lagi.

Nefndin leggur til að árgjald fyrir hvern greiðandi félaga verði óbreytt kr 1500 á hvern greiðandi félaga fyrir árin 2017 og 2018.

Nefndin samþykkir að beina því til stjórnar að fyrir ársþing verði tillaga stjórnar um árgjald lagt fyrir í þingskjali.

Í fjárhagsnefnd sátu:

Stefán Logi Haraldsson (Skuggi)

Berglind Ragnarsdóttir (Fákur)

Ólafur Þórisson (Geysir)

Svanhildur Björk Svansdóttir (Skuggi)

Sigríður Ólafsdóttir (Þytur)

Fjóla S. Kristinsdóttir (Sleipnir)

Íris Ármannsdóttir (Faxi)

Ingimar Ingimarsson (Skagfirðingur)

Rúnar Þór Guðbrandsson (Hörður)

Marianna Gunnarsdóttir (Fákur)

Sigurður Tyrfingsson (Sprettur)

Arnór Hlynsson (Sörli)

Skafti Steinbjörnsson (Skagfirðing)